

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Líffæra- og lífeðlisfræði 103(LOL103) Kennsluáætlun (haustönn 2011)	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Börkur Már Hersteinsson	Sk.st.	BÖR
----------------	-------------------------	---------------	-----

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34	Inngangur	Tímaverkefni
34-36	1. kafli: Gerð líkamans og 2. kafli: Lífefnafræði (eingöngu helstu atriði í vinnubók fyrir kafla 2)	HV I (5%)
37	3. kafli: Frumur og vefir	
38-39	4. kafli: Þekjukerfið	HV II (5%)
40-41	5. kafli: Bein, beinvefur og beinagrindin	HV III (5%) Próf úr fyrri hluta námsefnisins (30%).
42-43	6. kafli: Vöðvavefur og vöðvar.	HV IV (5%)
44-45	7- og 8. kafli: Taugakerfið.	HV V (5%)
46-47	Kafli 10: Innkirtlakerfið.	
48	9. kafli: Skynfæri (sjón og heyrn) Upprifjun, próf og lok annað	HV VI (5%)

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Líffæra og lífeðlisfræði, (Solomon - Phillips) í þýð. Regínu Stefnisdóttur, fyrra bindi. IÐNÚ 1995. Fyrsta útgáfa eða nýrri.
Vinnubók	Fjölritað stoðefni, vinnubók. Fæst á skrifstofu VMA (kennari lætur vita). Viðbótarmyndum verður dreift í tíma og eiga þær að fara í vinnubók.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Próf	Tvö próf verða á önninni sem hvort um sig gildir 30% . Fyrri prófið verður u.þ.b. í 41.viku og seinna prófið verður í prófatörn haustannar í desember. ATH: Ekki er boðið upp á auka próf vegna veikinda nemanda í miðannarprófinu og þess í stað verður prófað úr öllu námsefninu í desember og gildir það próf 60%	60% (2 X 30%)
Frammistaða á önn	Heimaverkefni sex stk. , hvert verkefni gildir 5% . Heimaverkefnin eru MOODLE verkefni sem vinna þarf í tölvum heima eða í tölvum skólans.	30%
Annað	Vinnubók skilað í u.þ.b. 47. viku.	10%

ATH: Nemandi verður að ná a.m.k. **4,5** í meðaleinkunn úr miðannar- og lokaprófi, og ekki lægra en **3** í hvoru prófi til þess að vetrareinkunn (heimadæmi og vinnubók) gildi til lokaeinkunnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Líffæra- og lífeðlisfræði 103(LOL103) Kennsluáætlun (haustönn 2011)	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Áfangalýsing

Meginmarkmið: Að nemandi hafi yfirlit yfir byggingu mannslíkamans og grundvallarskilning á starfsemi hans. Að nemandi þekki starfsemi frumna, vefjagerðir, helstu líffæri og líffærakerfi og geri sér grein fyrir samspili þeirra í viðhaldi á samvægi í líkamanum. Að nemendur hafi staðgóða þekkingu á byggingu og starfsemi þekjukerfis, beinakerfis, vöðvakerfis, taugakerfis og innkirtlakerfis. Í áfanganum er farið í latnesk heiti líffæra og líkamshluta.

Áfangamarkmið: Að áfanganum loknum á nemandinn að:

- Þekkja latnesk heiti helstu líkamssvæða og skilja hvernig heitin eru notuð til að lýsa áttum í líkamanum.
- Þekkja byggingu og starfsemi frumna og samskipti þeirra við utanfrumuumhverfið.
- Geta útskýrt hugtakið líkamsvefur, þekkja fjóra megin vefjaflokka líkamans og helstu einkenni þeirra, skiptingu í undirflokka og geta útskýrt á hverju flokkunin byggist.
- Geta gert grein fyrir byggingu og starfsemi húðar og húðlíffæra.
- Kunna skil á byggingu beinagrindarinnar og svæðaskiptingu og þekkja latnesk heiti einstakra beina og mikilvægustu beinhluta.
- Þekkja frumubyggingu beinagrindarvöðva og geta útskýrt samdráttarferilinn til hlítar.
- Geta gert grein fyrir orkubúskap vöðva.
- Þekkja skiptingu vöðvakerfis í vöðvahópa, latnesk heiti helstu vöðva líkamans og geta gert grein fyrir hreyfingu þeirra.
- Þekkja flokkun taugakerfisins eftir byggingu og starfsemi.
- Geta rakið feril boðspennu.
- Þekkja byggingu mænunnar og geti rakið einfalt mænuviðbragð.
- Þekkja byggingu og svæðaskiptingu heilans og þekki meginhlutverk hvers svæðis.
- Geta útskýrt hvernig innkirtlakerfið vinnur og gert grein fyrir mikilvægi þess í samvægisstjórnun.
- Þekkja innkirtla líkamans og vita hvaða áhrif þeir hafa á líkamsstarfsemina.

ATH: Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun.

Hægt verður að nálgast glósur úr áfanganum á MOODLE, aðgangsorðið er vmalol103 (ATH allt litlir stafir).

Dagsetning: 19. ágúst 2011

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils